

Ed.

210. Nefndarátt

við frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík og brtt. á þskj. 88, um að ríkið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Minni hlutinn vill benda á, að þegar konur hafa fengið jafnrjetti við karla, þá sje ekki óeðlilegt, að þessa gæti í mentamálum. Íslenskar konur munu líta svo á, að með samþykkt þessa frv. viðurkenni Alþingi rjett þeirra til þess, að mentamálum þeirra sje komið í viðunanlegt horf, og það mun vekja gleði hjá þeim, að fá þær frjettir, að Alþingi hafi samþykkt að gera hinn elsta kvennaskóla landsins að ríkisskóla.

Á liðnu ári voru liðin 50 ár frá stofnun kvennaskólans í Reykjavík, og var þess hátíðlega minst og við það kannast, að skólinn hefði unnið heillaverk, ekki aðeins fyrir Reykjavíkurbæ, heldur og fyrir allt landið. Þess ber að gæta, að kvennaskólinn í Reykjavík hefir ekki aðeins verið handa

bæjarstúlkum, en hann hafa sótt stúlkur af öllu landinu, svo að í þeim skilningi er hann *skóli landsins*, og er mjög skiljanlegt, að þeir, sem hafa komið auga á, hvernig hann er sóttur og af hverjum, telji mjög eðlilegt, að skóli sá, sem er fyrir alt landið, verði *rikisskóli*.

Mörgum finst, að nú sje hið rjetta tækifæri, nú sjeu þau timamót í sögu skólans, að tilefni gefist til þess að líta til liðins tíma, og sjá, að á liðnum 50 árum hefir skólinn starfað þannig, að hann á það skilið, að rikið taki að sjer rekstur hans.

Millipinganeftindin í mentamálum segir svo í áliti sínu árið 1922 í kaflinum um »sjerfræðslu»: »Ýmislegt mælir með því, að þeir (kvennaskólarnir) yrðu gerðir að rikisskólum. — — — Tæki rikið skólana á sína arma, ætti vel við, að það væri gert á 50 ára afmæli hvors þeirra, sem viðurkenning fyrir langt og þarft starf».

Það mælir svo margt með því, að rikið nú taki að sjer þann skóla, sem hefir starfað í hálfu öld, og það verður trauðla komið með þau rök, sem með rjettu geti aftrað því.

Háttv. meiri hl. litur svo á, að reynsla sje fengin fyrir því, að skólar verði ódýrari í rekstri, ef þeir eru reknir sem einkafyrirtæki. En reynslan sýnir samt, að eftir þessu hefir ekki verið farið með marga opinbera skóla. Það er kannast við tilverurjett þeirra og gagn, og þá talið sjálfsgagt, að rikið taki þá að sjer; og hvað kostnaðinn snertir, þá má ekki gleyma því, að rikið hefir styrkt kvennaskólann, og er með frv. þessu aðallega farið fram á hagfeldara fyrirkomulag og rjettlátara.

Því er ennfremur haldið fram í áliti hv. meiri hluta, að landinu beri mest skylda til að stofna sjerskóla fyrir konur, og þá einkum húsmæðraskóla. En því má ekki gleyma, að kvennaskólinn er sjerskóli, þar sem slik fræðsla er veitt í munnlegum og verklegum greinum, að húsmæður nútímans og framtíðarinnar mega ekki án hennar vera; enda munu margar húsmæður á landi hjer líta svo á, að þær hafi verið í sjerskóla, er þær voru í kvennaskólanum í Reykjavík.

Reynslan sýnir, að þessi sjerskóli hefir verið notaður. Á skólaárinu 1923—1924 voru 90 námsmeyjar í skólanum viðsvegar af landinu, og auk þess 24 í hússtjórnardeild skólans.

Liðni tíminn sýnir, að reynt hefir verið eftir megni að uppfylla þau skilyrði, sem þarf til þess, að rikið taki skólann að sjer. En með því verður og *framtíð* skólans tryggari. Forstöðunefnd skólans hefir átt mjög erfiða aðstöðu, þar eð ekki hefir verið auðið að vita það fyrirfram, hvort skólinn fengi nauðsynlegan rekstrarstyrk, og því aldrei hægt að leigja húsnæði handa skólanum lengur en frá ári til árs, nema með persónulegri ábyrgð forstöðunefndarmanna. Þar hefir Blönduósskólinn staðið betur að vigi, með því að eiga húsið.

Hálfrar aldar starf skólans rjettlætir þetta frumvarp, öll sanngirni mælir með því, og framtíð skólans er með því betur tryggð. Það virðist vera eðlilegt, að skólinn, sem nú er að mestu rekinn á rikisins kostnað, sje rikisskóli, að rikið taki við honum og eignum hans og ráði framtíð hans.

Vil jeg að öllu þessu athuguðu eindregið gera það að tillögu minni,
að frv. þetta nái samþykki.

Alþingi, 19. mars 1925.

Ingibjörg H. Bjarnason.